

## Ritmál sýnilegt

Við leggjum mikið upp úr því að hafa ritmál sýnilegt. Nöfn barna eru sýnileg víðsvegar á deildinni en auk þess eru hlutir og húsgöng merkt til að byggja upp sjónrænt minni á algeng orð og orð í nánasta umhverfi okkar. Stafrófið og tölustafirnir eru sýnileg á veggjum á öllum deildum. Samverumottur eru merktar með tölustaf eða bókstaf. Hvert barn fær tákn síns upphafsstafs sem er tekið úr stafatáknum bókarinnar *Lubbi finnur Málbein*. Við ýtum undir ritun barnanna með að hafa liti og blýanta reglulega í boði og börnin eru hvött til að merkja verk sín sjálf með nafni eða upphafsstaf hafi þau þroska til.